AUGLÝSING

um friðlýsingu Öskju í Ódáðahrauni.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Öskju í Ódáðahrauni, Suður-Þingeyjarsýslu, náttúruvætti.

Mörk hins friðlýsta svæðis fylgja hábrúnum öskjunnar allt í kring. Vikraborgir í Öskjuhrauni teljast til náttúruvættisins.

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er óheimilt nema með leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Akstur er hvergi leyfður innan hins friðlýsta svæðis nema um rudda slóð og bílastæði við Vikraborgir.
3. Gangandi fólki er heimil för um svæðið og dvöl þar enda sé þess gætt að ekki spillist gróður eða minjar.



Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 3. apríl 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Runólfur Þórarinsson.

Nr. 195. 24. maí 1978.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum.

1. gr.
Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi, er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni eða um borð í skipi eða flugvél — annan en þann, sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 32 000 kr. að smásöluverði erlendis. Andvirði annarra vara en fatnaðar má þó eigi nema meiru en 16 000 kr. og andvirði matvæla (þar með talið sælgæti) eigi meiru en 3 200 kr. Þó má andvirði myndavéla, sjónauka, útvarpstækja og segulbandstækja nema ¾ hlutum (24 000 kr.) af upphæðinni, enda gangi tollgæslumenn úr skugga um, að andvirði nýrra vara í heild fari ekki fram úr 32 000 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta hálfra þeirra réttinda er að framan greinir.

Ferðamenn eru háðir innflutningstakmörkunum í 3. og 4. gr.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan og greinir í 1. málslið þessarar greinar fyrir allt að 7 000 kr. við hverja komu til landsins, hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 21 000 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 32 000 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Aðilar, sem þessi mgr. tekur til, eru sjálfráðir um það, hvaða vörutegund þeir taka með sér skv. þessu heimildarákvæði, og eru eigi háðir öðrum takmörkunum en þeim er leiða af 3. og 4. gr.

Ferðamönnum, búsettum erlendis, er heimilt að hafa með sér til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda, til eigin nota á ferðalaginu, íverufatnað, sængurföt, viðleguútbúnað og annan ferðabúnað, að því tilskildu, að varningur þessi geti talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist eigi hérlendis.

2. gr.
Áfengi og tóbaksvörur.

Við komu til landsins er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengi og tóbaksvörum, sbr. þó 3. mgr. 4. gr.